

Nd.

649. Frumvarp til laga

[176. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku.

(Lagt fyrir Alþingi á 70. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka að láni allt að 43 millj. króna eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendum gjaldeyri.

2. gr.

Af láni því, er um ræðir í 1. gr., er heimilt að verja allt að 25 millj. kr. til greiðslu eftirstöðva af kostnaðarverði þeirra 10 togara, sem ríkisstjórnin á í smíðum í Bretlandi, allt að 15 milljónum króna til þess að lána Búnaðarbanka Íslands með sömu kjörum og lánið verður tekið og allt að 3 millj. króna til iðnaðarlána, enda verði ákveðið með lögum um tilhögun iðnaðarlánanna.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lántökur erlendis vegna togarasmíðanna nema nú um 71 millj. ísl. kr., og eru þá notaðar til fulls þær lántökuheimildir, sem veittar hafa verið. Af þessu eru tæpar 16 millj. kr. bráðabirgðalán til eins árs, en um 55 millj. eru frambúðarlán, sem kaupendur togaranna taka að sér. Það þarf því að útvega, ef mögulegt er, nýtt lán erlendis, til þess að greiða upp nefnd bráðabirgðalán vegna togaranna. Enn fremur þarf lánsfé til þess að brúa bilið á milli kostnaðarverðs togaranna annars vegar og erlendu lánanna, að viðbætti útborgun kaupendanna, hins vegar. Þykir vissara að gera ráð fyrir, að á þurfi að halda allt að 25 millj. kr. í þessu skyni, þó komið geti til mála, að ekki þurfi alveg svo háa fjárhæð. Er þess vegna ætlað til, að 25 millj. af þeim 43 millj. kr., sem frumvarpið gerir ráð fyrir að teknar verði að láni, gangi til þess að standa undir togarakaupunum. Jafnframt yrði þá bráðabirgðalánið, tæpar 16 millj. krónur, sem tekið var samkvæmt lögum nr. 88 1950, greitt upp. Sú lánsheimild yrði þá ekki notuð framfar.

Athugað hefur verið um lánsfjárförf landbúnaðarins til þeirra framkvæmda, sem stofnlánadeildum Búnaðarbankans er ætlað að lána til. Kemur þá í ljós, að á næstu misserum verður að útvega Búnaðarbankanum nýtt starfsfé, sem nemur mörgum tugum milljóna kr., ef unnt á að vera að halda áfram svipaðri lánastarfsemi og nú til þessara framkvæmda.

Það væri mikið áfall fyrir þjóðina, ef nú þyrfti að minnka lánveitingar til slíkra framkvæmda í landbúnaðinum og þar með draga stórkostlega úr þeim. Þess vegna er farið fram á, að heimilað verði, að allt að 15 millj. kr. af því fé, sem tekið yrði að láni, verði endurlánað Búnaðarbankanum til þess að auka starfsfé stofnlánadeilda hans. Yrði þó aðeins um bráðabirgðaráðstöfun að ræða á meðan leitað yrði leiða til þess að útvega meira fjármagn.

Það hefur verið sýnt fram á, að iðnaðurinn þarf aðgang að meiru lánsfé en verið hefur til þessa. Liggur fyrir Alþingi frumvarp til laga um stofnun sérstaks iðnaðarbanka. Einmitt nú stendur yfir á vegum ríkisstjórnarinnar allsherjarathugun á bankakerfi landsins og bankalöggjöf. Það þykir því ekki tímabært að setja nýja löggjöf um fyrirkomulag lánastarfsemi til iðnaðarins nú á þessu þingi, þar sem það er eitt þeirra málefna, sem til athugunar koma við þá endurskoðun, sem yfir stendur, hvernig þeirri lánastarfsemi verði heppilegast fyrir komið í bankakerfinu. Hins vegar þykir rétt, að nú þegar verði heimiluð lántaka vegna iðnaðarins, og yrði þá síðar lögfest, á hvern hátt það lán yrði notað til þess að bæta úr lánabörf iðnaðarins. Með þessu móti vinnst það, að hægt er að nota tímenn til þess að leita fyrir sér um lánið, á meðan endurskoðun á bankakerfinu og bankalöggjöfinni fer fram.